

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. mars 2026

Mál nr. S-2995/2025:

Héraðssaksóknari

(Áslaug Benediktsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Baldvin Már Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 15. maí 2025, á hendur: „X, kt. [...], lögheimili í [...], fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa, laugardaginn 3. febrúar 2024, í klefa [...] í fangelsinu að Litla-Hrauni á Eyrarbakka, veist með ofbeldi að A, kt. [...], þar sem hann sat á rúmi sínu og hafa, íklæddur skóm, endurtekið sparkað í höfuð A með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgu og bjúg vinstra megin á enni og yfir kinn, 8 mm skurð við vinstri augabrún, 15 mm skurð yfir vinstra kinnbeini og blæðingar í húð vinstra megin á enni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa og að dæmd refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst verjandi ákærða þóknunar sér til handa er greiðist úr ríkissjóði.

I

- Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Farið var með málið samkvæmt ákvæðum 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Um málavexti vísast til ákæruskjals. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

II

4. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 14. maí 2025, á ákærði sakaferil að baki allt aftur til ársins 2003, m.a. fyrir ýmis hegningarlaga- og umferðarlagabrot, þ. á m. líkamsárásir, rán, brot gegn valdstjórninni og hótanir, og hefur ítrekað verið dæmdur til fangelsisrefsingar. Með dómi héraðsdóms [...] 2011 var ákærði dæmdur í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi vegna ráns og brots gegn frjálsræði manna og í tíu mánaða fangelsi [...] 2015 vegna m.a. líkamsárásar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brots gegn 106. gr. sömu laga. Þá var ákærði með dómi héraðsdóms [...] 2021 dæmdur í þriggja ára fangelsi vegna m.a. brots gegn valdstjórninni, hótana og heimilisofbeldis samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b í lögum nr. 19/1940, [...] 2023 fyrir brot gegn valdstjórninni og dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, og [...] 2023 fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940 og dæmdur í þriggja mánaða fangelsi. Loks var ákærði með dómi héraðsdóms [...] 2025 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi vegna þjófnaðar og eignaspjalla.
5. Ákærði hefur verið innliggjandi á geðdeildum frá 7. október 2025 og var [...] frá 26. janúar 2026, með úrskurði héraðsdóms, dagsettum sama dag.
6. Ákærði gaf stutta skýrslu fyrir dómi og rakti aðstæður sína vegna þeirra sjónarmiða sem til skoðunar geta komið hvað varðar ákvörðun refsingar. Lýsti hann sérstaklega veikindum sínum undanfarin ár, bæði geðrænum og sykursýki sem hann hafi nýlega greinst með, og þeim bata sem hann hefur náð síðan í desember 2025. Lýsti ákærði því svo að þegar hann fari í geðrof missi hann tengsl við raunveruleikann og fari að ímynda sér hluti og trúi því sem hann ímynda sér. Hann haldi að allir séu í stríði við hann og fari hann því í stríð við viðkomandi. Einnig verði hann hvatvís og haldi að hann sé með allt á hreinu. Svo fari hann í niðurtúr og fari hann þá langt niður og taki það langan tíma. Þegar atvik gerðust hefði hann verið að afplána sex mánaða dóm og hefði oft verið færður á geðdeild á þeim tíma og kvaðst hann telja að hann hefði verið í geðrofi þegar hann var að afplána dóminn. Hann hefði heyrt raddir í höfðinu á sér, hefði haldið að allir væru að eitra fyrir sér og reyna að gera sér eitthvað. Kvaðst ákærði ekkert hafa ráðið við þetta og hefði þetta verið í fyrsta skiptið sem hann hefði farið í svona ástand svo hann viti til. Eftir útskrift af geðdeild væri ætlunin að hann yrði hann í göngudeildareftirliti og stefni hann á háskólanám. Þá kom fram hjá ákærða að hann hefði ekki neytt fíkniefna í um eitt og hálf ári.
7. B geðlæknir var dómkvaddur sem matsmaður til að framkvæma geðmat á ákærða vegna málsins. Liggur matið fyrir og er það dagsett 8. janúar 2026. Þá liggja einnig fyrir upplýsingar úr sjúkraskrá ákærða vegna tímabils í kjölfar árásarinnar en hann var þá ítrekað lagður inn á geðdeild.
8. Samkvæmt geðmatinu á ákærði sögu um geðræn veikindi allt aftur til ársins 2014 og var hann greindur með geðrofssjúkdóm, auk þess sem hann á sögu um andfélagslega

persónuleikaröskun. Einnig hafi ákærði á tímabilum verið háður kannabisefnum og notað örvandi efni. Viti ákærði þó alltaf muninn á réttu og röngu. Viðtöl matsmanns við ákærða hófust skömmu eftir að hann var lagður inn á geðdeild í október 2025. Þá hefðu komið fram vísbendingar um einkenni geðrofs hjá ákærða en þau hefðu horfið að nær öllu um miðjan desember 2025. Var það niðurstaða matsmanns að ákærði væri örugglega sak- hæfur samkvæmt 15. gr. laga nr. 19/1940 á verknaðarstundu. Þegar atvik hafi gerst hafi hann verið orðinn vænisjúkur en hafi vitað hvað hann var að gera. Taldi matsmaður geðræn einkenni ákærða ekki leiða til ósakhæfis samkvæmt 15. eða 16. gr. laga nr. 19/1940 og að þau útiloki ekki að fangelsisvist eða refsing geti komið að gagni.

9. Matsmaðurinn staðfesti mat sitt fyrir dómi. Kom fram hjá honum að straumhvörf hefðu orðið í veikindum ákærða í desember sl. þegar ákærði fékk viðeigandi meðferð við alvar- legum veikindum vegna sykursýki sem þá hafði uppgötvast hjá honum en í kjölfar þess bötnuðu geðræn einkenni hans hratt. Væri ætlunin að útskrifa ákærða sem fyrst af geð- deild eða um leið og hann fengi viðeigandi húsnæði. Þá kom fram hjá matsmanni að ákærði yrði áfram í göngudeildareftirliti eftir útskrift og hefði krafa um [...] verið sett fram til að auka líkur hans á bata þar sem áframhaldandi meðferð væri nauðsynleg vegna geðsjúkdóms hans. Ítrekaði matsmaður að ekkert hefði komið fram sem valdið gæti því að refsing gæti ekki borið árangur. Einnig kom fram hjá honum að ekkert væri því til fyrirstöðu að ákærði gæti sinnt samfélagsþjónustu kæmi sú staða upp. Þá teldi hann raunhæft að ákærði gæti sinnt háskólanámi næsta haust.
10. Einnig staðfesti matsmaður að ákærði hefði verið með vænisýki eða aðsóknarkennd þegar hann framdi brotið en brotþoli hefði gefið ákærða sígarettu og hafi hann þá haldið að brotþoli væri að eitra fyrir sér. Engu að síður hefði ákærði vitað hvað hann var að gera. Kom fram hjá matsmanni að erfitt hefði verið að vinna sakhæfismatið þar sem ekki hefðu legið fyrir upplýsingar um neyslu ákærða þegar líkamsárásin átti sér stað og ákærði hefði ekki verið sendur beint á geðdeild eftir árásina. Í dag væri ákærði í allt annarri stöðu og eins og heilsu hans væri háttað gæti hann í dag verið í fangelsi. Ákærði væri til samvinnu og fram undan væri útskrift af geðdeild og í kjölfarið ströng eftirfylgd á vegum göngudeildar.
11. Af hálfu ákærða er á því byggt að fella beri niður refsingu hans eða skilorðsbinda hana með vísan til 75. gr. og 4. töluliðar 1. mgr. 74. gr. laga nr. 19/1940.
12. Í dómaframkvæmd hefur 75. gr. laga nr. 19/1940 verið beitt til hagsbóta fyrir sakborning þegar líta má á brot sem viðbrögð við óréttmætri háttsemi brotþola. Skarast lagaákvæðið þannig við 4. tölulið 1. mgr. 74. gr. sömu laga sem mælir svo fyrir að refsingu megi færa niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, þegar maður hefur framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá er fyrir brotinu verður, hefur vakið hjá honum með ólögum árás eða stórfelldri móðgun. Í dómi Landsréttar í máli nr. 195/2021, sem kveðinn var upp 10. desember 2021, er því slegið föstu, með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr.

408/2005, sem kveðinn var upp 23. febrúar 2006, að ákvæði 75. gr. sé ekki bundið við að brot sé viðbragð við ætlaðri óréttmætri háttsemi brotþola þar sem ákvæðið getur átt við á grundvelli hugarástands sakbornings, óháð háttsemi brotþola, á þeirri stundu er verknaður var framinn.

13. Eins og að framan er rakið er ekkert fram komið sem bendir til þess að fangelsisrefsing geti ekki borið árangur hvað ákærða varðar. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir samkvæmt ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu.
14. Ákærði framdi brot sitt áður en framangreindur dómur var kveðinn upp, [...] 2025, og er refsing sú sem ákærða verður gerð í máli þessu því hegningarauki, sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940, er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu. Við ákvörðun refsingar verður einnig, ákærða til málsbóta, horft til þess að hann játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Til refsipýngingar er litið til 1., 2., 6. og 7. töluliðar sama laga-ákvæðis, en árás ákærða olli brotþola töluverðu líkamstjóni og vanlíðan, og 71. gr. sömu laga vegna sakaferils ákærða. Var atлага ákærða tilefnislaus, hættuleg og gróf og er sérstaklega litið til þess að brotþoli var í viðkvæmri stöðu sem samfangi ákærða. Einnig er til refsipýngingar litið til 1. mgr. 73. gr. laga nr. 19/1940.
15. Er það mat dómsins að aðstæður ákærða séu sérstakar. Er hann framdi brotið var hann með vænisýki samkvæmt matsmanni. Verður það einnig ráðið af framburði ákærða fyrir dómi, en hann taldi að brotþoli hefði verið að eittra fyrir sér, og skráningu í sjúkraskrá vegna komu ákærða á geðdeild um fimm dögum eftir atvikið. Þá verður af framlögðum gögnum ráðið að ákærði hafi verið að kljást við geðræn veikindi á nokkrum tímabilum frá því líkamsárásin átti sér stað og mjög alvarleg veikindi frá því í október 2025. Eftir að ákærði greindist með sykursýki og meðferð hans við henni fór að bera árangur hefur meðferð hans vegna geðrofssjúkdómsins gengið vel, eins og að framan er vikið að. Þá hefur ákærði lýst því yfir að hann sé hættur neyslu fíkniefna. Er staða ákærða nú mjög ólík því sem var þegar atvik gerðust. Einnig er fram komið að þrátt fyrir bata ákærða sé brýn nauðsyn á að hann sæti áframhaldandi meðferð og eftirliti vegna þeirra sjúkdóma sem hann hefur greinst með.
16. Við ákvörðun refsingar lítur dómurinn til alls framangreinds, sakaferils ákærða og sakarefnis málsins. Að teknu tilliti til þessa þykja forsendur til að horfa sérstaklega til refsilækkunarheimildar 75. gr. laga nr. 19/1940, vegna vanlíðanar ákærða þegar brotið var framið, eins og staðfest var af matsmanni, en því hafnað að forsendur séu til að horfa til 4. töluliðar 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði en fullnustu refsingarinnar frestað og falli hún liður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að auki skal ákærði sæta sérstakri umsjón á skilorðstímanum

samkvæmt 1. tölulið 3. mgr. 57. gr. sömu laga af hálfu yfirlæknis réttar- og öryggisgeðdeildar Landspítalans og ekki neyta á skilorðstíma áfengis eða ávana- og fíkniefna, sbr. 3. tölulið framangreinds lagaákvæðis.

17. Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Baldvins Más Kristjánssonar lögmanns, sem eru hæfilega ákveðin 1.900.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 77.565 krónur í annan sakarkostnað.
18. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Áslaug Benediktsdóttir saksóknarfulltrúi.
19. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði skal einnig á skilorðstímanum sæta umsjón yfirlæknis á réttar- og öryggisgeðdeild Landspítalans og ekki neyta áfengis eða ávana- og fíkniefna, 1. og 3. töluliður 3. mgr. 57. gr. sömu laga.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Baldvins Más Kristjánssonar lögmanns, 1.900.000 krónur, og 77.565 krónur í annan í sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir